



Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna skýrslu Innri endurskoðunar um verklegar framkvæmdir og innkaupamál.

Inngangur

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur þrjú meginviðfangsefni samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem staðfest var í borgarstjórn 10. júlí 2014 og byggist á IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

1. vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. störfum ytri endurskoðenda.

Rétt er að taka fram að viðfangsefni nefndarinnar lúta einkum að málum sem varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarráðs og borgarstjórnar en ekki að þeim þáttum sem varða stjórnarsýslu borgarinnar.

Viðfangsefni

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur tekið saman skýrslu um verklegar framkvæmdir og innkaupamál. Verkefnið var unnið samkvæmt endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar fyrir árin 2018 – 2019 en í áætluninni var gert ráð fyrir úttekt á útboðs- og innkaupamálu, en einnig var gert ráð fyrir eftirfylgniúttekt með innkaupaúttekt sem unnin var á árinu 2015. Þar sem um skylt efni er að ræða var ákveðið að sameina verkefni.

Markmið úttektarinnar var að;

- kanna hvernig kostnaðaráætlanir í mannvirkjagerð og viðhaldsverkefnum standast miðað við útboð og endanlegan kostnað við verklok
- kanna hlítu við verklagsreglur um útboð og innkaupareglur, framkvæmd og eftirlit
- skoða samstarf innkaupadeildar við borgarlögmann og innkaupaaðila fagsviða
- fylgja eftir ábendingum í úttekt og fyrri eftirfylgni Innri endurskoðunar hjá innkaupadeild árið 2015.

Fjórar nýlegar verkframkvæmdir voru valdar í úttektinni en um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir;

- Sundhöll, viðbygging
- Hlemmur, mathöll
- Grensásvegur, hjólastígur
- Vesturbæjarskóli, viðbygging



Umsögn nefndarinnar

Endurskoðunarnefndin hefur í samræmi við eftirlitshlutverk sitt fengið kynningu á umræddri skýrslu Innri endurskoðunar á fundi með innri endurskoðanda og þeim starfsmönnum sem unnu að verkefninu.

Það er mat endurskoðunarnefndar að úttektin sé ítarleg og faglega unnin og að tekið hafi verið á þeim þáttum sem mestu máli skipta.

Nefndin telur að of langur tími líði frá því að Innri endurskoðun gerir sínar athugasemdir og þar til Innri endurskoðun fylgir þeim eftir, sbr.;

- eitt af markmiðum þessarar úttektar er að fylgja eftir ábendingum frá árinu 2015
- fram kemur í inngangi þessarar skýrslu að á árinu 2010 hafi verið gefin út skýrsla um innra eftirlit með innkaupum og eftirfylgni við þá skýrslu hafi verið unnin í janúar 2015.

Nefndin telur mikilvægt að fyrr sé brugðist við ábendingum sem fram koma í úttektum Innri endurskoðunar, en í skýrslunni kemur fram að fjórar ábendingar sem fram komu við úttekt á árinu 2010 eru nú ítrekaðar.

Endurskoðunarnefnd bendir sérstaklega á umfjöllun í skýrslunni um að unnið sé eftir verkferli sem er til staðar og skilgreint í þjónustusamningi milli skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssviðs. Þar kemur fram að ákvörðunartökferli skuli byggja á frumkostnaðaráætlun, kostnaðaráætlun I og síðan kostnaðaráætlun II.

Skýrslan er umfangsmikil og í henni eru fjölmargar gagnlegar upplýsingar og athugasemdir og fram koma brotalamir í innra eftirliti sem bregðast þarf við.

Samantekt ábendinga er í kafla 5; þar eru sérstaklega tilgreindar ellefu ábendingar, þar af er ein á rauðu áhættustigi (viðbrögð þurfa að vera tafarlaus), fjórar eru á appelsínugulu áhættustigi (úrbætur eigi sér stað innan sex mánaða) og sex eru á gulu áhættustigi (úrbætur eigi sér stað innan árs).

Endurskoðunarnefnd leggur á það áherslu að Innri endurskoðun verði gerð grein fyrir framvindu við úrvinnslu ábendinganna innan hæfilegs tíma.

Það er mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra upplýsinga og ábendinga sem fram koma í skýrslunni við innleiðingu á breyttu skipulagi á stjórnslu Reykjavíkurborgar og er þá sérstaklega horft til breytts og aukins hlutverks innkauparáðs, sem verður eftir 1. júní nk. nefnt innkaupa- og framkvæmdaráð.

Virðingarfyllt,

f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður